



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2017

1704006SA GB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um kosningar til sveitarstjórna, 258. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði, dags. 5. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp, sem lagt er fram af fjórum þingmönnum Viðreisnar.

#### **Efni frumvarpsins**

Rétt þykir að taka fram í upphafi að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki mótað sér afstöðu til breytinga á kosningalöggjöf varðandi kosningarrétt erlendra ríkisborgara. Eðlilegt er hins vegar að gera kröfu um að breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna fari ávallt fram í góðu samráði við sambandið, sem er lögbundinn málsvari sveitarfélaga á Íslandi. Ekki hefur verið um samráð að ræða vegna þess þingmáls sem hér er til umsagnar enda er um þingmannatillögu að ræða.

Frumvarpið felur í sér tillögu um rýmkun kosningarréttar erlendra ríkisborgara í sveitarstjórnarkosningum hér á landi. Er annars vegar lagt til að danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, ásamt ríkisborgurum aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA öðlist hér kosningarrétt við skráningu lögheimilis. Hins vegar er lagt til að ríkisborgarar ríkja utan EES-svæðisins öðlist kosningarrétt hér á landi í þrjú ár ef þeir hafa átt lögheimili í þrjú ár samfelld fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Hér er um allmikla breytingu að ræða því skv. gildandi lögum öðlast ríkisborgarar annarra norræna ríkja kosningarrétt eftir þriggja ára samfellda búsetu og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ára samfellda búsetu.

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna töflu um hvernig kosningarrétti er háttáð á hinum Norðurlöndunum. Þar kemur fram að kosningarréttur erlendra ríkisborgara er almennt rýmri en hér á landi. Sérstaklega stingur í augu að íslenskir ríkisborgarar öðlast kosningarrétt við lögheimilisskráningu í þessum ríkjum en sá réttur er hins vegar ekki gagnkvæmur hér á landi fyrir ríkisborgara þessara ríkja.

Ef til álita kemur að frumvarpið verði að lögum væri að álitu Sambands íslenskra sveitarfélaga mun nærtækara að horfa til framkvæmdar í Noregi varðandi EES-borgara heldur en að líta til aðildarríkja Evrópusambandsins, eins og frumvarpshöfundar hafa gert. Þyrfti þá að breyta frumvarpinu þannig að ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins öðlist kosningarrétt hér á landi eftir þriggja ára samfellda búsetu, eða mögulega fimm ár eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Er í því sambandi tilefni til þess að benda á að allur gangur er á því hvernig kosningarrétti erlendra ríkisborgara er háttáð í löndum Evrópusambandsins.



Beðist er velvirðingar á því að vegna annríkis við gerð umsagna um stjórnarfrumvörp reyndist ekki unnt að skila umsögninni innan veitts frests.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri